

L Ö G

97

19. júní

um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kaupsýslum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kaupsýslsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.